



KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. **P** 137/227
komudagur 16.6. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. júní 2009

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um þingsályktunartillögur um aðildarumsókn að
Evrópusambandinu (þingsk. 38 og 54)

Kvenréttindafélagi Íslands hefur borist boð utanríkismálanefndar Alþingis um að senda inn umsögn um ofangreindar þingsályktunartillögur og hefur stjórn félagsins metið þær svo að um sé að ræða tvær leiðir að sama marki sem ekki verður gert upp á milli.

Kvenréttindafélag Íslands hefur starfað að jafnrétti kynjanna í yfir 100 ár. Síðan 1944 hafa þeir stjórnarmálaflakkar sem sæti eiga á Alþingi átt fulltrúa í aðalstjórn félagsins og leitast félagið við að starfa þverpólitískt. Umsögn þessi tekur því fyrst og fremst mið af þeim ávinningi sem stjórn félagsins telur að aðildarumsókn að ESB geti haft á jafnrétti kynjanna og réttindi kvenna á Íslandi.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands telur mikilvægt að þjóðin eigi þess kost að kjósa um aðild að ESB. Ef í aðildarviðræður verður farið, myndi koma fram í væntanlegum samningi hvort um ávinning fyrir jafnrétti kynjanna á Íslandi yrði um að ræða eða ekki, sem hægt yrði að taka afstöðu til að svo gefnu.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri KRFÍ